

Úrvinnslusjóður
14 287

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfsþáttayfirlit	6
Skýringar	7

Úrvinnslusjóður

530803-3680

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í lögnum segir enn fremur að tekjur af úrvinnslugjaldi skuli renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Sjóðnum er skipt í vörflokk/uppgjörsflokka. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs í hverjum vörflokki.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málaflokk 30 undir málefna svið 17 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, er efnislega gert ráð fyrir að tekjur af úrvinnslugjaldi séu færðar sem rekstrartekjur ríkissjóðs. Samkvæmt 3. másl. 37. gr. laganna skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Í séryfirliti 2 í ríkisreikningi er gerð grein fyrir ráðstöfun tekna af álögðu úrvinnslugjaldi, sbr. 1. tölul. 19. gr. laganna. Þá nýtur Úrvinnslusjóður fjárheimilda samkvæmt fjárlögum. Samkvæmt 19. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, skulu tekjur af úrvinnslugjaldi, þ.m.t. vaxtatekjur, hins vegar renna óskiptar til Úrvinnslusjóðs, að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi. Framsetningu ársreikningsins er hagað á þann hátt að hann endurspeglar stöðu Úrvinnslusjóðs sem ríkisaðila í A-hluta í samræmi við ákvæði laga nr. 123/2015 og reglur sem gilda um reikningsskil ríkisins. Því endurspeglar ársreikningurinn ekki meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald heldur gæti ósamræmis. Í því ljósi veitir ársreikningurinn t.d. ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins sem hefur m.a. skírskotun til framlengdrar framleiðendaábyrgðar.

Úrvinnslugjald og fjárveitingar

	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020
414243 - Úrvinnslugjöld, almenn, innflutningur	-1.512.156.625	-1.533.199.755	-1.377.610.947	-1.527.933.161
414245 - Úrvinnslugjald af ökutækjum	-182.937.661	-154.072.945	-155.643.383	-383.206.255
414244 - Úrvinnslugjöld, almenn, innl. framleiðsla	-77.274.987	-92.858.631	-106.076.912	-83.346.064
414247 - Endurgr. úrv.gj.v/notkunar í innlenda úrv.gj.skylda framl.	2.743.162	5.495.048	1.134.068	7.801.742
414248 - Endurgr. hluti úrv.gj.v/endurn. úrgangs (ákv. af Úrv.sj.)	0	8.874.964	2.532.205	1.078.588
	-1.769.626.111	-1.765.761.319	-1.635.664.969	-1.985.605.150

Flokkun tekna

Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1.512.156.625	1.533.199.755	1.377.610.947	1.527.933.161
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	182.937.661	154.072.945	155.643.383	383.206.255
Úrvinnslugjöld vegna innlendra framleiðslu	74.531.825	78.488.619	102.410.639	74.465.734
Samtals tekjur vegna úrvinnslugjalda	1.769.626.111	1.765.761.319	1.635.664.969	1.985.605.150

Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárheimild ársins 110 Úrvinnslusjóður	1.460.100.000	1.782.000.000	1.808.000.000	1.906.000.000
Fjárheimild ársins 101 Almennur rekstur	72.000.000	72.000.000	72.000.000	72.000.000
Samtals fjárheimild	1.532.100.000	1.854.000.000	1.880.000.000	1.978.000.000

Mismunur á milli ára úrvinnslugjald og fjárveiting	-237.526.111	88.238.681	244.335.031	-7.605.150
Uppsafnaður mismunur frá 2017	-237.526.111	-149.287.430	95.047.601	87.442.451

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.977,5 milljónir og afkoma kr. -241,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1.011,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.545,0 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórnendur staðfesta hér með ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Stjórn Úrvinnslusjóðs

Ólafur Kjartansson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.976.800.000	1.878.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	723.099	663.775
Tekjur samtals		<u>1.977.523.099</u>	<u>1.879.463.775</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	69.340.090	66.922.008
Annar rekstrarkostnaður	4	2.166.805.066	1.870.169.900
Afskriftir	5	723.099	663.775
Gjöld samtals		<u>2.236.868.255</u>	<u>1.937.755.683</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(259.345.156)	(58.291.908)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	6	20.301.186	59.204.469
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	7	(1.950.579)	(3.144.370)
		<u>18.350.607</u>	<u>56.060.099</u>
Afkoma ársins		<u>(240.994.549)</u>	<u>(2.231.809)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		2.602.981	2.959.254
Fastafjármunir samtals		<u>2.602.981</u>	<u>2.959.254</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	1.536.891.207	1.758.245.484
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	3.206.608	0
Handbært fé		2.286.388	2.278.037
Eignir samtals		<u>1.544.987.184</u>	<u>1.763.482.775</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		1.011.034.368	1.252.028.917
Bundið eigið fé		126.000.000	126.000.000
Eigið fé samtals		<u>1.137.034.368</u>	<u>1.378.028.917</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	3.463.600	3.695.516
Viðskiptaskuldir	12	388.691.427	366.964.202
Ýmsar skammtímaskuldir	13	12.381.187	11.854.439
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	3.416.602	2.939.701
Skuldir samtals		<u>407.952.816</u>	<u>385.453.858</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.544.987.184</u>	<u>1.763.482.775</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(240.994.549)	(2.231.809)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	723.099	663.775
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(723.099)	(663.775)
		<u>(240.994.549)</u>	<u>(2.231.809)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(3.206.608)	0
Tengdir aðilar		221.955.535	(36.509.120)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>22.253.973</u>	<u>38.780.253</u>
		241.002.900	2.271.133
		<u>8.351</u>	<u>39.324</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(366.826)</u>	<u>(2.029.978)</u>
		(366.826)	(2.029.978)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		<u>366.826</u>	<u>2.029.978</u>
		366.826	2.029.978
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		8.351	39.324
		<u>2.278.037</u>	<u>2.238.713</u>
		<u>2.286.388</u>	<u>2.278.037</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2020, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Almennur rekstur 14 287 101	Úrvinnslusjóður 14 287 110	Samtals 2020
Málefna svið - málaflokkur			
	17 30	17 30	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	70.800.000	1.906.000.000	1.976.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	723.099	0	723.099
Tekjur samtals	71.523.099	1.906.000.000	1.977.523.099
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	69.340.090	0	69.340.090
Annar rekstrarkostnaður	15.513.552	2.151.291.514	2.166.805.066
Afskriftir	723.099	0	723.099
Gjöld samtals	85.576.741	2.151.291.514	2.236.868.255
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(14.053.642)	(245.291.514)	(259.345.156)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(19.505)	(1.931.074)	(1.950.579)
	(5.850)	18.356.457	18.350.607
Afkoma ársins	(14.059.492)	(226.935.057)	(240.994.549)
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	70.800.000	1.906.000.000	1.976.800.000
Fjárveiting til tekna	70.800.000	1.906.000.000	1.976.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(84.859.492)	(2.132.935.057)	(2.217.794.549)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(14.059.492)	(226.935.057)	(240.994.549)
Staða fjárveitinga 2019 í lok þess árs	0	1.252.028.917	1.252.028.917
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(14.059.492)	1.025.093.860	1.011.034.368
	0	1.025.093.860	1.011.034.368
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum	1.200.000	0	1.200.000
Fjárfesting á árinu	(366.826)	0	(366.826)
Staða fjárfestingarfjárveitingar	833.174	0	833.174
Staða fjárfestinga 2020 í lok þess árs	19.553	0	19.553
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2020	852.727	0	813.621

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.976.800.000	1.878.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	723.099	663.775
	<u>1.977.523.099</u>	<u>1.879.463.775</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.976.800.000	0	0	1.976.800.000
Fjárveiting til tekna	1.976.800.000	0	0	1.976.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(2.217.794.549)	0	0	(2.217.794.549)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(240.994.549)	0	0	(240.994.549)

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	56.177.487	54.651.816
Orlof, breyting	744.429	50.013
Launatengd gjöld	12.288.135	11.902.104
Starfsmannakostnaður	130.039	318.075
	<u>69.340.090</u>	<u>66.922.008</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	4,0	4,0

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	141.079	334.757
Byggingarvörur, almennar	9.543	0
Ýmis tæki og áhöld	278.742	539.864
Orkugjafar	82.714	227.513
Matvæli	759.390	722.923
Ýmsar sérgreindar vörur	56.516	0
Almennar rekstrarvörur	95.349	83.554
Vörukaup, almenn	<u>1.423.333</u>	<u>1.908.611</u>
Fundir, námskeið, risna	4.518.078	3.867.956
Ferðir, uppihald	354.174	2.129.351
Akstur	261.777	694.321
Sérfræðipjónusta	10.024.964	8.402.124
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	9.526.690	8.170.604
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.990	10.990
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	952.285	862.387
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>25.649.958</u>	<u>24.137.733</u>
Afnotagjöld	2.778.635	2.916.277
Leigugjöld	5.295.289	5.247.904
Notkun véla og flutningatækja	18.600	38.590
Verkkaup	2.126.165.650	1.822.187.318
Kostnaðarhlutdeild	469.609	532.361
Tryggingar, lögboðnar	962.567	860.350
Opinber gjöld	4.041.425	12.340.756
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>2.139.731.775</u>	<u>1.844.123.556</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>2.166.805.066</u>	<u>1.870.169.900</u>

Skýringar

	2020	2019
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	678.209	663.775
Sölutap og úreltar eignir	44.890	0
	<u>723.099</u>	<u>663.775</u>
6 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Ýmsar fjármunatekjur	20.301.186	59.204.469
	<u>20.301.186</u>	<u>59.204.469</u>
7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	1.950.579	3.144.370
	<u>1.950.579</u>	<u>3.144.370</u>
	31.12.2020	31.12.2019
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	2.602.981	2.959.254
	<u>2.602.981</u>	<u>2.959.254</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2020	6.283.361	6.283.361
Viðbætur á árinu	366.826	366.826
Selt/niðurfært á árinu	(467.915)	(467.915)
	<u>6.182.272</u>	<u>6.182.272</u>
Afskriftir 1.1.2020	3.324.107	3.324.107
Selt/niðurfært á árinu	(423.025)	(423.025)
Afskrift ársins	678.209	678.209
	<u>3.579.291</u>	<u>3.579.291</u>
Staða 31.12.2020	<u>2.602.981</u>	<u>2.602.981</u>
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.536.891.207	1.758.245.484
	<u>1.536.891.207</u>	<u>1.758.245.484</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	3.463.600	3.695.516
	<u>3.463.600</u>	<u>3.695.516</u>
10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	3.206.608	0
	<u>3.206.608</u>	<u>0</u>

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

			31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2020	31.12.2019
Jöfnuður 1.1.	1.252.028.917	126.000.000	1.378.028.917	1.380.260.726
Afkoma ársins	(240.994.549)	0	(240.994.549)	(2.231.809)
Jöfnuður 31.12.	1.011.034.368	126.000.000	1.137.034.368	1.378.028.917

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 126,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

12 Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptaskuldir	388.691.427	366.964.202
	388.691.427	366.964.202

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	7.476.432	6.732.003
Ógreidd laun	0	195.300
Önnur ógreidd gjöld	4.904.755	4.927.136
	12.381.187	11.854.439

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	2.602.981	2.959.254
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	813.621	(19.553)
	3.416.602	2.939.701

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	2.959.254	(19.553)	2.939.701
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.200.000	1.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	366.826	(366.826)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(723.099)	0	(723.099)
	2.602.981	813.621	3.416.602

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði út maí 2021 og ýmsa þjónustu- og rekstrarsamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 5,6 milljónum og vegna þjónustu- og rekstrarsamninga kr. 5,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.